





# BLÁSKÓGABYGGÐ - Laugarvatn deiliskipulagsbreyting - Hverabraut 3




Deiliskipulag fyrir breytingu - mkv. 1:2000



Deiliskipulag eftir breytingu - mkv. 1:2000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 03.04.2024

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 31.05.2024



Hluti úr gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027

## Greinargerð

Um er að ræða óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi þéttbýlis Laugarvatns í Bláskógabyggð. Upphaflegt deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 20. maí 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. júní 2021. Fimm óverulegar breytingar hafa verið gerðar síðan þá, sú síðasta samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2023, þar sem lóð Hverabrautar 3 var stækkuð.

## Lýsing á breytingu


Deiliskipulagsbreyting þessi nær eingöngu til lóðar Hverabrautar 3 og felst í stækkun byggingarreits við núverandi dælustöð. Til stendur að stækka dælustöðina og verður hún eftir stækkun samtals um 84 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Lóðin er staðsett á hitaveitusvæði, vestan við Fontana náttúruböð. Leyfilegt byggingarmagn innan lóðar er 100 m<sup>2</sup> og skal bygging rúmast innan byggingarreits sem sýndur er á uppdrætti. Bygging skal vera á einni hæð með heimild fyrir lagnakjallara. Þakhalli og þakform er frjálst.

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. Lóðin fellur undir reit 4 fyrir stofnanir og miðsvæði og er þar skilgreind sem athafna- og iðnaðarlóð innan svæðis M1. Ekki er talið að breytingin hafi teljandi umhverfisáhrif.

Að öðru leyti gilda skipulags- og byggingarskilmálar gildandi deiliskipulags sem samþykkt var 20. maí 2021.

## SKÝRINGAR:

- Lóðarmörk
- Mörk deiliskipulags
- Byggingarreitur hámark
- Núv. hús
- Hús til skýringar
- Víkjandi hús
- Vistgata
- Útivistarstígur / gönguleið
- Stígur / gangstétt
- Girðing
- Húsnúmer
- Stærð lóðar
- Svæði á náttúruminjaskrá



Skýringarmynd, mkv. 1:1000



HEITI VERKS:  
BLÁSKÓGABYGGÐ  
LAUGARVATN

HEITI TEIKNINGAR:  
DEILISKIPULAGSBREYTING  
HVERABRAUT 3

VERKNR:	MKV:	TEIKNING NR:
219-008	1:2000 í A3	1/1
TEIKNAD AF:	HANNAÐ AF:	DAGS. TEIKN:
SF	sg	26. mars 2024
YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT:		TEIKN. BREYTT:



Austurvegi 6 - 800 Selfoss  
s: 482 4090  
net: landform@landform.is